

Sp.

128. Tillaga til þingsályktunar

[77. mál]

um, að ríkisstjórnin undirbúi riftun kaupsamnings um eignina Silfurtún hjá Hafnarfirði.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að leita samkomulags við Eyjólf Jóhannsson forstjóra um, að hann taki um næstu áramót við eigninni Silfurtúni, sem hann hefur selt ríkinu, og endurgreiði landssjóði að fullu þá fjárhæð, sem ríkið hefur greitt honum fyrir eign þessa.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar leigði og keypti ríkisstjórnin smíðaverkstæði að nafni Silfurtún skammt frá Hafnarfirði. Hafði Eyjólfur Jóhannsson forstjóri byggt verkstæðið fyrir nokkrum árum og starfrækt það með talsverðu mannahaldi. Verkstæðið er allstórt að flatarmáli, einlyft að mestu og veggirnir hlaðnir úr holsteini. Byggingin er sýnilega fremur veigalítill og mun upprunalega hafa verið mjög ódýr eftir stærð. Verkfæri voru allmikil, en sum nokkuð slitin. Síðastliðið vor virðist hafa byrjað umtal milli Eyjólfss Jóhannssonar og atvinnumálaráðherra um, að komið gæti til mála, að ríkið keypti eða leigði verkstæðið og það á miðju ári. Leið ekki á löngu þar til framkvæmd var hafin í þessu efni. Ríkisstjórnin keypti öll smíðatól og tæki verkstæðisins fyrir 250 þús. kr., en tók smíðahúsið á leigu til fimm ára fyrir 130 þús. kr. ársleigu. Gera þurfti sérstakan samning um lóðina, og er mér ókunnugt um þá skilmála. Með þessum hætti átti landið á fimm árum að greiða Eyjólf Jóhannssyni 900 þús. kr., kaupverð og leigu, fyrir verkstæðið og smíðatólin. Smíðirnir virðast hafa verið fremur fáir, svo að húsaleigan í sumar varð yfir 1000 kr. á mánuði fyrir hvern starfsmann, enda varð tekjuhalli ríkisstjóðs á fyrirtækinu um 60 þús. kr. fyrstu vikurnar.

Mikið óhagræði er varðandi reksturinn, að Silfurtún liggur mjög óhaganlega við um alla starfrækslu. Flestir smíðirnir eiga heima í Reykjavík. Þeir verða að ferðast bæði að morgni og kvöldi hálf tíma í bíl. Sá tími er talinn með vinnustundum, og ríkið verður að borga bilflutninginn. Er hverjum manni auðsætt, að Silfurtún getur ekki verið samkeppnisfært við venjuleg smíðaverkstæði, sem hafa hóflegan stofnkostnað og þurfa ekki að annast flutning starfsmanna sinna með miklum daglegum tilkostnaði.

Eina ástæðan, sem getur legið til grundvallar því, að ríkið hafi slíkan atvinnurekstur, er sú fánýta von, að með því fái þjóðin betri og ódýrari vöru. Ástæða er til að halda, að forstaða og vinnubrögð séu í góðu lagi í Silfurtúni, en öll önnur skilyrði eru svo óheppileg sem mest má verða. Dýrleiki stofnunarinnar og flutningur smíðanna með ærnum tilkostnaði og tímaeyðslu hljóta að gera þennan ríkisrekstur sérstaklega óhagstæðan.

Ríkisstjórninni mun, þegar kom fram á sumarið hafa borizt til eyrna raddir, sem bentu í þá átt, að þessi ráðstöfun væri ekki að skapi skattgreiðenda í landinu. Var þá tekið það ráð að breyta leigusamningi smíðahússins í kaupsáttmála. Er talið, að ríkið hafi greitt 800 þús. kr. fyrir smíðasalin.

Þar sem sýnilegt er, að kaupin á Silfurtúni eru mjög óhentug fyrir ríkið, og vafasamt, hvort ríkisstjórnin hefur haft nægilegan undirbúning og athugun um málið, þegar kaupin voru fráðin, er hér lagt til, að freistað verði að rifta kaupsamningnum. Ætti fyrrverandi eigandi að sýna í verki, að hann hafi reist gott og hentugt smíðahús, með því að taka aftur við sinni gömlu eign og starfrækja hana sjálfur sem arðbært fyrirtæki.